

Efni: Erindi til Öldungaráðs um fyrirhugaða lokun félagsmiðstöðvarinnar Selið
Sendandi: Stjórn húsfélagsins Sléttuvegi 11 -13

Kynning fyrir Öldungaráð

Þegar húsið að Sléttuvegi 11 og 13 var byggt af Samtökum aldraðra árið 1992 var sett kvöð um að í húsinu væri þjónustumiðstöð. Samkomusalur hússins var seldur Reykjavíkurborg og hún hefur rekið þar félagsmiðstöðina Selið. Þar hefur verið mötuneyti fyrir íbúa við Sléttuveg og miðstöð fjölbreyttrar félagsstarfsemi (Sjá meðfylgjandi dagskrá). Nú hefur Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis sem rekur félagsmiðstöðina tilkynnt að hún muni hætta rekstri hennar um næstu áramót og húsnæðið verði leigt eða selt undir aðra óskylda starfsemi. Íbúum verður bent á að sækja félagsaðstöðu og mötuneyti í húsum Hrafnistu á Sléttuvegi 25-27 en stór hluti þeirra gæti ekki sótt þá þjónustu án hjálpar og jafnvel síst þeir sem mest þurfa á henni að halda.

Íbúar hússins hafa af þessu miklar áhyggjur. Meðalaldur hjá okkur er nú um 82 ár og 13 yfir nírátt. Stór hluti þeirra er með skerta hreyfigetu vegna aldurs eða sjúkdóma og getur ekki nýtt sér mötuneyti í öðrum húsum. Þótt vegalengd milli húsanna sé ekki löng er um brekku að fara og það er ljóst að stór hluti íbúa hjá okkur mun ekki komast á milli af sjálfsdáðum. Auk þess blasir við að íbúarnir muni missa alla aðstöðu til eigin félagsstarfsemi ef Borgin ráðstafar húsnæðinu til annarra óskyldra nota. Afleiðing þessa verða stórskert lífsgæði þeirra sem í húsinu búa, miðað við þær væntingar sem þeir höfðu, þegar þeir keyptu íbúðir sínar í húsinu. Ástandið yrði svipað því sem ríkti á þessu ári meðan Selið var lokað vegna verkfalls og síðar vegna veirumála. Okkur þykir þetta ganga þvert á yfirlýst markmið Borgarinnar að gera fólki auðvelt að búa sem lengst í eigin íbúðum og draga úr einsemd sem fylgir háum aldri.

Stjórn húsfélagsins hefur verið að leita leiða til að fyrirbyggja þetta ástand í samráði við Þjónustusvið hverfisins og Eignaumsýslu Borgarinnar. Meðal annars hafa verið kannaðir möguleikar á því að húsfélagið tæki að sér rekstur mötuneytisins og félagsstarfseminnar en greiddi Borginni væga húsaleigu. Æskilegast hefði verið að húsfélagið keypti húsnæðið en til þess þyrfti samþykki allra íbúðareigenda sem ekki er líklegt að náist. Hins vegar hefur verið rætt að hafa mætti makaskipti á jöfnu á húsnæði Selsins og 85 m² íbúð húsvarðar sem er í eigu húsfélagsins. Íbúðin yrði þá seld á vegum Samtaka aldraðra til félagsmanns í Samtökunum líkt og aðrar íbúðir í húsinu og andvirðið rynni til Borgarinnar í makaskiptum fyrir húsnæði Selsins.

Aðstæður í þjóðfélaginu hafa breyst verulega síðan Þjónustusviðið tók þá ákvörðun að leggja starfsemi Selsins niður. Óljóst er hvort félagsmiðstöð Hrafnistu mun geta veitt utanaðkomandi gestum þjónustu meðan hætta er á veirusýkingum. Einnig er ljóst að fjöldi þeirra sem þarf á þessari þjónustu að halda mun enn vaxa þegar byggð verða fleiri hjúkrunarheimili og íbúðir fyrir aldraða í nágrenni Borgarspítalans. Því vill húsfélagið spyrja hvort ekki ætti að horfa til lengri framtíðar í stað þess að leggja starfsemi Selsins niður í fljótræði.

Ef til þess kemur vakna hins vegar aðrar spurningar:

Gæti Borgin veitt húsfélaginu afnot af húsnæði Selsins án húsaleigu til að halda áfram rekstri félagsmiðstöðvar og mötuneyti þar?

Er Borgin reiðubúin að hafa makaskipti á húsnæði Selsins og húsvarðaríbúð á jöfnu?

Ef húsfélagið eignast húsnæði Selsins, væri þá vilji hjá Borginni til að styðja húsfélagið í rekstri félagsmiðstöðvar þar?